

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 28/1982. **Ákærvaldið**
 gegn
Herði Gunnari Ingólfssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1982, sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Nokkurrar ónákvæmni gætir í hinum kærða úrskurði um magn það af fíkniefnum, sem Sigurður Þór Þórsson og Gunnsteinn Sigurðsson hafa skýrt frá við lögreglufrýrheyrslu, að þeir hafi keypt af varnaraðilja. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 26. janúar 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 26. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Klukkan 1700 í gær handtók lögreglan í Reykjavík Hörð Gunnar Ingólfsson, fæddan 24. ágúst 1961, til heimilis að Álftamýri 16 hér í borg, grunaðan um fíkniefnamisferli. Hörður þessi

kvaðst við lögregluþyrirslur ekki hafa nærri slíku komið frá því í sept. sl., en þá réttilega frá skýrt.

Klukkan 1545 í dag lagði Ólafur Jónsson, fulltrúi lögreglustjóra í Reykjavík, hér í dómi fram kröfu um hæfilegt gæsluvarðhald á hendur ofangreindum Herði og studdi ýmsum gögnum.

Aðspurður hér fyrir dómi í framhaldi þar af kvaðst margnefndur Hörður Ingólfsson telja sig dagreykingamann á kannabisefni og 2 gr af slíkum efnum í hans fórum við handtöku ætluð til eigin nota.

Mætti kvaðst ekki bera því í mót að hafa undanfarna mánuði, eða eftir áðurnefndar játningar í sept., átt milligöngu um kannabisviðskipti. Nánar með því að fara með fé ákveðinna kaupenda til dreifiaðilja, en bera til baka umbeðin kannabisefni og afhenda án álagningar. Mætti Hörður taldi sig ekki geta munað einstök tilvik eða heildarmagn fíkniefna, en oftast verið um að ræða lítilræði hverju sinni, eða fáein gr, og með vissu aldrei meir en 25 gr í einu. Margnefndur Hörður kvaðst í vafa um, hvort hann ætti að nafngreina efnisútvegendur til sín, en ráðgaðist þar um við sinn réttargæslumann, Stefán Pálsson hæstaréttarlögmann, símleiddis, en átti í framhaldi þar af eintal við nefndan lögmann hér í byggingu. Fyrir stundu tjáði áðurnefndur réttargæslumaður dómara, að sinn skjólstæðingur væri reiðubúinn að lýsa ofangreindri efnisútvegum nánar.

Höfst þegar þar um skýrslutaka hjá lögreglu, og liggur eigi fyrir um niðurstöðu hennar á þessari stundu.

Eigi að síður þykir verða að taka afstöðu til ofangreindrar kröfu Ólafs Jónssonar, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík.

Ýmsir aðilar hafa samkvæmt framlögðum lögregluskýrslum, sbr. nánar dskj. nr. 13, borið um ætluð kannabiskaup sín af Herði G. Ingólfssyni og nánar svo:

- 1) Sigurður Þór Þórsson, fæddur 20. mars 1964, yfirheyrður hjá lögreglu 10. desember sl., og kvaðst þá í júlí sl. ásamt nafngreindum kunningja af Herði Ingólfssyni hafa keypt 2 gr af hassi. Samkvæmt dskj. nr. 11 hefur lögregla undanfarið sólarhring, en án árangurs, leitað Sigurðar þessa.
- 2) Erling H. Halldórsson, fæddur 20. febrúar 1962, yfirheyrður hjá lögreglu 13. janúar sl. og kvaðst þá í júlí sl. af Herði Ingólfssyni hafa keypt 5 gr af hassefnum.
- 3) Sigfinnur Steinar Gíslason, fæddur 30. janúar 1963, yfirheyrður hjá lögreglu 13. janúar sl. og kvaðst þá rétttri viku fyrr af Herði Ingólfssyni hafa keypt 1 gr af hassolíu.

- 4) Gunnsteinn Sigurðsson, fæddur 29. nóvember 1963, yfirheyrður hjá lögreglu 8. desember sl. og kvaðst þá í ágúst sl. í fjórum afhendingum hafa af margnefndum Herði Ingólfssyni samtals keypt 12—15 gr af tvenns konar hassi og enn um miðjan nóvember sl. 2 gr af sama aðilja.
- 5) Sigfinnur Steinar Gíslason, fæddur 30. janúar 1963, áður nefndur í lið 3 hér að ofan, lýsti og fyrir lögreglu 13. janúar sl. að hafa af Herði Ingólfssyni keypt 5 gr af hassefnum í ágúst sl. og 3 gr af annars konar hassi í nóvember sl.
- 6) Árni Þór Þórðarson, fæddur 14. apríl 1963, yfirheyrður hjá lögreglu 9. desember 1981 og kvaðst þá tímabilið júlí—ágúst sl. af Herði Ingólfssyni hafa keypt svart hassefni í 4 eða 5 skipti og 2—3 gr í senn.
- 7) Björn Geir Jóhannsson, fæddur 29. janúar 1964, yfirheyrður hjá lögreglu 12. janúar sl. og viðurkenndi þá að hafa í ágúst sl. af Herði Ingólfssyni keypt 10—15 gr af marihuana. Einnig kvaðst greindur Björn þann 19. desember sl. ásamt Jónasi F. Þorsteinssyni og tveimur öðrum nafngreindum kunningjum hafa ekið Herði Ingólfssyni að tilteknu húsi í Hlíðunum og nefndur Hörður þangað sótt 30 gr af hassefnum og selt nefndum félögum.
- 8) Jónas Freydal Þorsteinsson var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. janúar sl. og lýsti þá efnislega á sama veg og síðastnefndur Björn för þeirra félaga með Herði Ingólfssyni að tilteknu húsi í Hlíðunum og Hörður þangað sótt hassefni og selt þeim félögum ofangreindum. Jónas þessi lýsti hins vegar efnismagni sem 20 gr.

Tveir af þeim fjórum aðiljum í liðum 7—8 hér að ofan, er áttu að hafa verið nærstaddir þar greind viðskipti, hafa ekki verið yfirheyrðir að séð verði af framlögðum gögnum.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að dreifimeðferð fíkniefna þeirrar tegundar, sem hér er til rannsóknar, gæti, ef sönnuð teldist, varðað Hörð G. Ingólfsson fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi, en með vísan til þess og annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt í þágu rannsóknar að verða við fram-

kominni kröfu lögreglu og gera Herði G. Ingólfssyni að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst afmarkað við allt að 10 dögum frá kl. 1700 þann 26. janúar að telja.

Úrskurðarorð:

Hörður Gunnar Ingólfsson, fæddur 24. ágúst 1961, til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum frá kl. 1700 þann 26. janúar 1982 að telja.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 266/1981. Valdstjórnin

gegn

Ólafi Þorlákssyni.

Kærumál. Þóknun verjanda í opinberu máli.
Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Með kæru 14. desember 1981, sem barst Hæstarétti 16. s. m., hefur Ólafur Þorláksson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík, kært til Hæstaréttar ákvörðun fulltrúa yfirsakadómarans í Reykjavík 10. desember 1981 um þóknun vegna réttargæslustarfa. Visar lögmaðurinn um kæruheimild til 5. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Krefst hann þess, að reikningur vegna starfa þessa, sem hann hafði lagt fyrir sakadómara og er að fjárhæð 7.322.00 krónur, verði tekinn til greina án breytinga, en fulltrúinn hafði ákveðið utan réttar, að þóknunin skyldi vera 2.000.00 krónur.

Í bréfi til Hæstaréttar hefur fulltrúinn, Ingibjörg Benediktsdóttir, gert grein fyrir tilteknum atvikum varðandi mál þetta og framsent bréf vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Að öðru leyti hafa eigi komið fram greinargerð eða kröfur af hálfu valdstjórnarinnar.